

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús, nr. 97/2012.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.40 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2040 frá 23. október 2025 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.40.
- 1.41 Ákvörðun ráðsins 2025/2585 frá 15. desember 2025 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.41.
- 2.45 Reglugerð ráðsins (SSUÖ) 2025/2601 frá 15. desember 2025 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.45.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 6. mars 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.40.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/2040****frá 23. október 2025****um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDBSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ ⁽¹⁾.
- 2) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerð í Úkraínu og rússneskur heraflí hóf árás á Úkraínu, þ.m.t. frá yfirráðasvæði Belarús. Sú árás var blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 3) Í ályktunum sínum frá 19. febrúar 2024 fordæmdi ráðið harðlega áframhaldandi stuðning stjórnarinnar í Belarús við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og fór fram á að Belarús taki ekki þátt í slíkum aðgerðum og að landið fari að alþjóðlegum skuldbindingum sínum.
- 4) Í ljósi þess hversu alvarleg staðan er og til að bregðast við áframhaldandi þátttöku Belarús í árásum Rússlands gegn Úkraínu þykir rétt að innleiða viðbótarþvingunaraðgerðir.
- 5) Einkum þykir rétt að auka við skrána yfir hluti, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, með því að bæta við hlutum sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hlutum sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa Belarús, þ.m.t. rafeindaíhluti, fjarlægðarmæla, fleiri iðefni sem notuð eru við gerð drifefna, og fleiri málmar, oxíð og málmblöndur sem eru notuð við framleiðslu hernaðarkerfa.
- 6) Einnig þykir rétt að auka við skrána yfir vörur sem falla undir útflutningstakmarkanir og gætu stuðlað að því að auka getu Belarús á sviði iðnaðar, s.s. sölt og málmgrýti, vörur úr gúmmíi, slöngur, dekk, kvarnarsteinar og byggingarefni.
- 7) Auk þess þykir rétt að setja frekari takmarkanir á útvegum hugbúnaðar til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármálageiranum til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem kemur fram fyrir þeirra hönd eða starfar eftir fyrirmælum þeirra, og þjónustu sem stuðlar að því að efla tæknigetu Belarús, þ.e. veitingu tiltekinna viðskiptalegrar þjónustu í geimnum (e. *commercial space-based services*), tiltekinna gervigreindarþjónustu og stórvirkar tölvuvinnslu- og skammtatölvunarþjónustu. Enn fremur þykir viðeigandi að víkka út gildissvið nügildandi takmarkana þannig að þær nái ekki einungis yfir tæknilegar prófanir og greiningu, samkvæmt flokkuninni í flokki 8676 í aðalvöruflokkuninni, eins og hún er sett fram hjá Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, *Statistical Papers, Series M, No 77, CPC prov., 1991*, heldur einnig aðra þjónustu sem myndar flokk 867 í aðalvöruflokkuninni. Þessi þjónusta felur einkum í sér, samkvæmt flokkuninni í flokki 8675, eftirfarandi vísindalega og tæknilega ráðgjafarþjónustu í tengslum við verkfræði: jarðfræðilega, jarðeðlisfræðilega og aðra vísindalega jarðefnaleit, kannanir undir yfirborði, yfirborðsmælingar og kortagerð.
- 8) Í ljósi áframhaldandi árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu, sem Belarús tekur þátt í, ætti lögbært stjórnvald að meta fyrir fram alla frekari veitingu þjónustu við Lýðveldið Belarús, stjórn þess, opinberar stofnanir, fyrirtæki eða skrifstofur, til að draga úr þeirri áhættu að þjónusta efla hernaðarlega, tæknilega eða iðnaðarlega getu Belarús. Því er viðeigandi að taka upp kröfu um fyrirframleyfi lögbærs stjórnvalds fyrir hvers kyns þjónustu sem veitt er Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða stofnunum sem fellur ekki þegar undir þvingunaraðgerðirnar sem settar eru fram í ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 9) Einnig þykir rétt að setja takmarkanir á veitingu þjónustu á sviði sýndareigna, veitingu greiðsluþjónustu, sem um getur í 5. og 7. lið I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 ⁽²⁾, og á útgáfu rafeyris til ríkisborgara Belarús, einstaklinga sem búsettir eru í Belarús og lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús, með tilliti til mikilvægis þessarar þjónustu fyrir þróun fjártækni og rafrænnar verslunar í Belarús og mögulegrar notkunar þjónustu á sviði sýndareigna til að sniðganga þvingunaraðgerðir. Þessar takmarkanir ná ekki til framkvæmdar greiðslna, eins og um getur í 3. og 4. lið I. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2366. Ekki ætti að líta svo á að þessar takmarkanir á veitingu greiðsluþjónustu skyldi þjónustuveitendur sem virkja greiðslur (e. *payment initiation service providers*) til að

ákvarða ríkisfang, búsetu eða staðfestustað notenda greiðsluþjónustu í hverju einstöku tilviki eða móttakendur greiðslna (e. *acquirers of payment transactions*) til að beita refsiaðgerðum við skimun einstakra greiðslukortafærslna. Meginábyrgð á því að fylgja eftir refsiaðgerðum í tengslum við framkvæmd greiðslna hvílir á þeim greiðsluþjónustuveitanda sem þjónustar viðkomandi reikning. Þessar takmarkanir á veitingu þjónustu á sviði sýndareigna eru einnig bindandi fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfa samkvæmt umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í 3. mgr. 143. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 ⁽³⁾).

- 10) Að auki þykir einnig rétt að bæta við undanþágum sem eru nauðsynlegar í mannúðarskyni, vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækninga- eða landbúnaðarafurðum og matvælum, til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, og vegna viðurkenningar á eða fullnustu dóms eða gerðardóms sem fellur í aðildarríki. Þessar undanþágur og frávik hafa ekki áhrif á bannið við því að rekstraraðilar í Sambandinu veiti rekstrareiningum, sem eru á skrá í V. viðauka við ákvörðun 2012/642/SSUÖ, sendingarþjónustu á sviði fjármála.
- 11) Til að draga enn frekar úr tekjum Belarús er viðeigandi að víkka út bannið við kaupum, innflutningi eða tilflutningi tiltekinna hluta, sem gerir Belarús kleift að auka fjölbreytni tekjulinda sinna, þannig að það nái yfir öll keðjulaga vetniskolefni.
- 12) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.
- 13) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. b er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3c. Bönnin í 1. og 3. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum sem falla undir SN-númer 2501, 2505, 2507, 2513, 2516, 2517, 2528, 2606, 6804, 6815 og 6903, sem skráð eru í XVIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006, sem eru nauðsynlegar vegna efnda, til 25. janúar 2026, á samningum sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

3d. Bönnin í 1. og 3. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum sem falla undir SN-númer 6902 og 6909 19, sem skráð eru í XVIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006, sem eru nauðsynlegar vegna efnda, til 25. apríl 2026, á samningum sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

- b) Ákvæði 9. mgr. falla brott.

- 2) Í 2. gr. ea fellur 5. mgr. brott.

- 3) Ákvæðum 2. gr. hc er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, reikningshaldsþjónustu, endurskoðunarþjónustu, þ.m.t. lögboðna endurskoðunarþjónustu, bókhaldsþjónustu, skattaráðgjöf og viðskipta- og rekstrarráðgjöf eða almannatengslaþjónustu.“.

- b) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkja-gerðar, arkitektþjónustu, verkfræðiþjónustu, þjónustu á sviði samþættrar verkfræði, borgarskipulags, vísindalegrar og tæknilegrar ráðgjafar sem tengist verkfræði og þjónustu tengda tæknilegum prófunum og greiningu, lögfræðiráðgjöf eða ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni.“.

- c) Í stað inngangsorðanna í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði auglýsinga, markaðsrannsóknna eða skoðanakannana.“.

- d) Í stað inngangsorðanna í 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða útvega, beint eða óbeint, hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar eða hugbúnað til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármálageiranum.“.

e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a. Lagt er bann við því, frá og með 25. nóvember 2025, að veita, með beinum eða óbeinum hætti, viðskiptalega þjónustu í geimnum sem felur í sér jarðfjarkönnun eða gervihnattaleiðsögu, gervigreindarþjónustu sem felur í sér aðgang að líkönum eða vettvöngum fyrir þjálfun þeirra, fínstillingu og ályktanir eða stórvirka tölvuvinnslu, þ.m.t. aðgang að hraðari tölvuvinnslu með myndvinnslueiningu (e. *graphic processing unit accelerated computing*) eða skammtatölvunarþjónustu:

- a) Lýðveldisins Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.“

f) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist þjónustu og hugbúnaði sem um getur í 1. mgr. til 4. mgr. a, með beinum eða óbeinum hætti til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist þjónustu og hugbúnaði sem um getur í 1. mgr. til 4. mgr. a, eða vegna veitingar tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í 4. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, beint eða óbeint, til handa Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar.“

g) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5a. Krefjast skal fyrirframleyfis til að veita Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum, beint eða óbeint, þjónustu sem ekki fellur undir 1., 2., eða 3. mgr. eða 4. mgr. a. Lögbær stjórnvöld geta, á grundvelli sérstaks mats sem byggist á hverju tilviki fyrir sig, heimilað veitingu slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar.“

h) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Bönnin í 2. og 4. mgr. og bönnin, sem tengjast viðskiptalegri þjónustu í geimnum, í 4. mgr. a gilda ekki um veitingu þjónustu eða útvegum hugbúnaðar sem er nauðsynlegur vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.“

i) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„10a. Bönnin í 4. mgr. gilda ekki um útvegum hugbúnaðar til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármála-geiranum, eins og skráð er í XXVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 765/2006, sem er nauðsynlegur vegna efnda samninga, sem gerðir eru fyrir 24. október 2025, til 25. janúar 2026 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíkra samninga.

10b. Ákvæði 5. mgr. a skulu ekki gilda fyrr en 1. janúar 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.“

j) Í stað 12. mgr. kemur eftirfarandi:

„12. Þrátt fyrir bönnin er varða hugbúnað í 4. mgr. og bönnin er varða veitingu gervigreindarþjónustu og stórvirka tölvuvinnslu- eða skammtatölvunarþjónustu í 4. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað útvegum hugbúnaðar og þjónustu sem þar um getur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hugbúnaðurinn eða þjónustan sé bráðnauðsynleg til að ríkisborgarar Belarús geti lagt sitt af mörkum til alþjóðlegra verkefna um opinan aðgang.“

- k) Í stað inngangsorðanna í 13. mgr. kemur eftirfarandi:
- „13. Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu og hugbúnað sem um getur í þeim, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þetta sé nauðsynlegt.“
- l) Í stað 15. mgr. kemur eftirfarandi:
- „15. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 5. mgr. a og 11.–14. mgr., innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 4) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 2. gr. ra:
- „9b. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2901 10 00 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. janúar 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.
- 9c. Frá og með 26. janúar 2026 til 25. júlí 2026 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um kaup eða innflutning til Ungverjalands á vörum sem falla undir SN-númer 2901 10 00 og eru upprunnar í eða fluttar út frá Belarús, að því tilskildu að vörurnar séu ætlaðar eingöngu til nota í Ungverjalandi.
- 9d. Vörur sem falla undir SN-númer 2901 10 00, sem fluttar eru inn til Ungverjalands samkvæmt undanþágunni í 9. mgr. c, skulu ekki seldar áfram til kaupenda sem staðsettir eru í öðru aðildarríki eða í þriðja landi.“
- 5) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 2. gr. s:
- „3ab. Þrátt fyrir 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem eru á skrá í XIV. viðauka a við reglugerð (EB) 765/2006 eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni séu nauðsynlegar:
- a) vegna lækninga eða lyfja eða í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð, eða vegna brottflutnings,
 - b) til einkanota og undir fullu eftirliti aðildarríkisins sem veitir heimildina og til að uppfylla viðhaldsskyldur sínar á svæðum sem falla undir langtímaleigusamning milli þess aðildarríkis og Belarús eða
 - c) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.“
- 6) Ákvæðum 2. gr. u er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. a kemur eftirfarandi:
- „1a. Lagt er bann við því að veita ríkisborgurum Belarús eða einstaklingum sem eru búsettir í Belarús, eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Belarús, eftirfarandi þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti:
- a) þjónustu á sviði sýndareigna eins og hún er skilgreind er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 ⁽⁴⁾“,
 - b) útgáfu greiðslumiðla, færsluhirðingu greiðslna eða greiðsluvirkjun, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 ⁽⁵⁾“,
 - c) útgáfu rafeyris eins og skilgreint í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB ⁽⁶⁾.
- b) Í stað 1. mgr. b kemur eftirfarandi:
- „1b. Lagt er bann við því, frá og með 26. mars 2025, að heimila ríkisborgurum Belarús eða einstaklingum með búsetu í Belarús að eiga eða stjórna, með beinum eða óbeinum hætti, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og veitir þjónustu tengda sýndareignaveski, sýndareignareikningi eða fjárvörslu sýndareigna, eða gegna störfum í stjórnnum þeirra.“
- c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
- „4. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu sé:

- a) nauðsynleg til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í 1. mgr. og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækniðæðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) eingöngu ætluð til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- c) nauðsynleg vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt,
- d) nauðsynleg til nota í opinberum tilgangi af hálfu sendiskrifstofu, ræðisstofnunar eða alþjóðastofnunar,
- e) eingöngu ætluð til að greiða þóknanir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða
- f) nauðsynleg fyrir viðskipti með vörur og þjónustu yfir landamæri, sem eru ekki bönnuð, milli Sambandsins og Belarús.“
- d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „4a. Bannið í b- og c-lið 1. mgr. a gildir ekki um afhendingu persónusniðinna öryggisskilríkja sem eru nauðsynleg til að fá aðgang að reikningi hjá lánastofnun eða rafeyrisfyrirtæki sem hefur staðfestu í aðildarríki eða landi sem er á skrá í IV. viðauka a.
- 4b. Þrátt fyrir b- og c-lið 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það að gera slíkt sé nauðsynlegt vegna einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða lands sem er á skrá í IV. viðauka a.
- 4c. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. a-, b-, d-, e- eða f-lið 4. mgr. og 4. mgr. b innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- e) Í stað inngangsorðanna í 5. mgr. kemur eftirfarandi:
- „5. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og 1. mgr. a í 2. gr. u geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu sé nauðsynleg:“
- 7) Eftirfarandi liðir bætast við 1. mgr. a í 2. gr. y:
- „c) sem eru nauðsynleg vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum eða landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja út, selja, afhenda, færa eða flytja til Belarús samkvæmt þessari ákvörðun,
- d) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, sem og vegna viðurkenningar eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar eða
- e) nauðsynleg í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða tilflutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða vegna brottflutnings.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. október 2025.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti
M. BJERRE

(¹) Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2012/642/oj>).

(²) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/2366/oj>).

(³) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj>).

(⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj>).

(⁵) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/2366/oj>).

(⁶) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfæmisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2009/110/oj>).“

Fylgiskjal 1.41.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/2585

frá 15. desember 2025

um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ (¹).
- 2) Hinn 15. desember 2020 samþykkti ráðið ályktanir þar sem kallað var eftir því að efla til muna viðbrögð á vettvangi Sambandsins til að sporna gegn fjölþáttaógnum, þ.m.t. miðlun rangra upplýsinga, og styrkja viðnámsþrótt. Ráðið vakti athygli á því að ný tækni og nýjar krísur gæfu óvinveittu, þolm aðilum tækifæri til að útvíkka íhlutunaraðgerðir sínar. Þessar aðgerðir fela í sér viðbótaráskoranir fyrir aðildarríkin og meginstofnanir Sambandsins.
- 3) Í kjölfar samþykktar á „Stefnumarkandi áttavita fyrir öryggi og varnir“ í mars 2022 kom Sambandið á fót fjölþættri verkfærakistu ESB. Sú verkfærakista samanstendur af ráðstöfunum til forvarna, samstarfs, uppbyggingar á stöðugleika, takmörkunar og stuðnings sem um getur í ályktunum ráðsins frá 21. júní 2022 um ramma fyrir samræmd viðbrögð ESB við fjölþáttaherferðum.
- 4) Í niðurstöðum sínum frá 21. júní 2022 og 18. júlí 2022 ítrekaði ráðið ákall til æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar um að leggja fram valkosti, sem virða að öllu leyti mannréttindi og mannfrelsi, vel skilgreindra ráðstafana sem hægt væri að grípa til gegn aðilum sem taka þátt í erlendra íhlutun og hagræðingu upplýsinga (e. Foreign Information Manipulation and Interference „FIMI“) ef nauðsyn krefur til að viðhalda allsherjarreglu og öryggi í Sambandinu. Þetta ákall kom fram í tengslum við áætlunina um aðgerðir gegn miðlun rangra upplýsinga (e. Action Plan Against Disinformation) frá 2018 og hraðviðvörðunarkerfið (e. Rapid Alert System) sem var sett upp 2019 til að greiða fyrir upplýsingaskiptum og bestu starfsvenjum meðal meginstofnana Sambandsins og aðildarríkjanna til að sporna gegn miðlun rangra upplýsinga.
- 5) Í febrúar 2023 birti utanríkisþjónusta Evrópusambandsins skýrslu um ógnir af erlendra íhlutun og hagræðingu upplýsinga þar sem hún skilgreindi erlenda íhlutun og hagræðingu upplýsinga sem hegðunarmunstur, sem er að mestu leyti ekki ólöglegt, en felur í sér ógn eða gæti mögulega haft neikvæð áhrif á gildi, aðferðir og pólitíska ferla. Slikri hegðun er ætlað að grípa inn í og ríki eða aðilar, sem eru óháðir ríki, þ.m.t. staðgenglar þeirra innan og utan eigin yfirráðasvæðis, beita henni með visvitandi og samræmdum hætti. Þessari skýrslu var fylgt eftir með þróun verkfærakistu til að takast á við erlenda íhlutun og hagræðingu upplýsinga, sem ráðið studdi í desember 2023, þar sem settur er fram sameiginlegur rammi um viðbrögð, samhliða aðferðum utanríkisþjónustu Evrópusambandsins við að greina og bregðast við erlendra íhlutun og hagræðingu upplýsinga.
- 6) Í ályktunum sínum frá 19. febrúar 2024 fordæmdi ráðið harðlega fjölþáttaárásir við ytri landamæri Sambandsins, þ.m.t. misnotkun stjórna Belarús á farandfólki í pólitískum tilgangi þar sem Rússland átti líka hlut að máli.

- 7) Hinn 11. desember 2024 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu til að styðja aðildarríkin í baráttu þeirra við fjölþáttaógnir vegna beitingar Rússlands og Belarús á fólksflutningum sem vopni og til að styrkja öryggi á ytri landamærum ESB.
- 8) Í niðurstöðum sínum frá 21. maí 2024 gerir ráðið sér grein fyrir að ríki og aðilar, sem eru óháðir ríki, noti í auknum mæli fjölþáttaaðferðir sem eru vaxandi ógn við öryggi Sambandsins, aðildarríki þess og samstarfsaðila og hvatti meginstofnanir Sambandsins og aðildarríkin til að efla aðgerðir til að fylgjast með tilraunum erlendra aðila til að hafa áhrif á lýðræðisleg ferli í Sambandinu.
- 9) Í niðurstöðum sínum frá 23. október 2025 benti leiðtoga ráðið á harðari fjölþáttaárásir Rússlands og Belarús og nýlegt rof á lofthelgi Sambandsins.
- 10) Hinn 29 október 2025 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Evrópusambandsins þar sem hann fordæmdi viðvarandi, ögrandi og óviðunandi aðgerðir Belarús gegn Sambandinu og aðildarríkjunum. Innrás veðurathugunarbelgja frá Belarús inn í lofthelgi Litáen, sem hefur truflað hundruð flugferða og valdið umtalsverðu tapi hjá flugvöllum í Litáen og þúsundum farþega, er tilraun til að vekja ótta með borgurum Sambandsins með beinni ógn við almenningssflug og setur stöðugleika í aðildarríki Sambandsins í hættu. Þessir loftbelgir eru ekki aðeins notaðir fyrir smygj heldur tengist óheimil innkoma þeirra víðtækari markvissri fjölþáttaherferð ásamt öðrum aðgerðum, þar á meðal smygli á farandfólki með ríkisstuðningi.
- 11) Því telur ráðið nauðsynlegt að innleiða, með ákvörðun 2012/642/SSUÖ, viðbótarviðmið fyrir skráningu einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem bera ábyrgð á, annast framkvæmd á, styðja við, njóta ábata af, taka þátt í eða greiða fyrir aðgerðum eða stefnum sem rekja má til Lýðveldisins Belarús, sem grafa undan eða ógna lýðræði, réttarríkinu, stöðugleika eða öryggi í Sambandinu eða í einu eða nokkrum aðildarríkja þess, í alþjóðastofnun eða í þriðja landi, eða sem grafa undan eða ógna fullveldi eða sjálfstæði eins eða fleiri aðildarríkja þess eða þriðja lands, þ.m.t. þegar það veldur truflun á starfsemi mikilvægra innviða sem ætla má með réttu að viðkomandi einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir hafi a.m.k. verið meðvitaðar um hugsanleg áhrif af.
- 12) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. mgr. 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„ca) bera ábyrgð á, annast framkvæmd á, styðja við, njóta ábata af, taka þátt í eða greiða fyrir aðgerðum eða stefnum sem rekja má til Lýðveldisins Belarús, sem grafa undan eða ógna lýðræði, réttarríkinu, stöðugleika eða öryggi í Sambandinu eða í einu eða nokkrum aðildarríkja þess, í alþjóðastofnun eða í þriðja landi, eða grafa undan eða ógna fullveldi eða sjálfstæði eins eða fleiri aðildarríkja þess eða þriðja lands með eftirfarandi aðgerðum:

- i. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja við eða greiða á annan hátt fyrir hagræðingu upplýsinga og íhlutun,
- ii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja við eða greiða á annan hátt fyrir aðgerðum sem beint er að starfsemi lýðræðisstofnana, atvinnustarfsemi eða þjónustu í þágu almannahagsmuna, þ.m.t. með óheimilli komu inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, þ.m.t. lofthelgi þess, eða sem miðar að því að trufla, skaða eða eyðileggja mikilvæga innviði, þ.m.t. með skemmdarverkum eða netaðgerðum af illum ásetningi sem hluta af fjölþáttaaðgerðum,
- iii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja við eða greiða á annan hátt fyrir eða gera mögulegar útbreiddar eða kerfisbundnar aðgerðir sem trufla starfsemi mikilvægra innviða,

cb) eru einstaklingar sem styðja aðila sem taka þátt í aðgerðum sem um getur í ca-lið.“

- b) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) eru einstaklingar sem tengjast aðilum sem um getur í b-, c-, ca-, d- eða e-lið.“

- 2) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„ca) þeir eru einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem bera ábyrgð á, annast framkvæmd á, styðja við, njóta ábata af, taka þátt í að eða greiða fyrir aðgerðum eða stefnum sem rekja má til

Lýðveldisins Belarús, sem grafa undan eða ógna lýðræði, réttarríkinu, stöðugleika eða öryggi í Sambandinu eða í einu eða nokkrum aðildarríkja þess, í alþjóðastofnun eða í þriðja landi, eða sem grafa undan eða ógna fullveldi eða sjálfstæði eins eða fleiri aðildarríkja þess eða þriðja lands með eftirfarandi aðgerðum:

- i. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja við eða greiða á annan hátt fyrir hagræðingu upplýsinga og íhlutun,
 - ii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja við eða greiða á annan hátt fyrir aðgerðum sem beint er að starfsemi lýðræðisstofnana, atvinnustarfsemi eða þjónustu í þágu almannahagsmuna, þ.m.t. með óheimilli komu inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, þ.m.t. lofthelgi þess, eða sem miðar að því að trufla, skaða eða eyðileggja mikilvæga innviði, þ.m.t. með skemmdarverkum eða netaðgerðum af illum ásetningi sem hluta af fjölþáttaaðgerðum,
 - iii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja við eða greiða á annan hátt fyrir eða gera mögulegar útbreiddar eða kerfisbundnar aðgerðir sem trufla starfsemi mikilvægra innviða,
- cb) eru einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem styðja aðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem taka þátt í aðgerðum sem um getur í ca-lið.“
- b) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:
- „f) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í liðum b-, c-, ca-, d- eða da-lið.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. desember 2025.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti
K. KALLAS

(¹) Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtíð. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2012/642/oj>).

Fylgiskjal 2.45.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/2601

frá 15. desember 2025

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2585 frá 15. desember 2025 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 18. maí 2006 samþykkti ráðið reglugerð (EB) nr. 765/2006 (²).
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 koma til framkvæmda þær ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ (³).
- 3) Hinn 15. desember 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/2585 sem breytir ákvörðun 2012/642/SSUÖ.

- 4) Með ákvörðun 2025/2585/SSUÖ er innleitt viðbótarviðmið fyrir skráningu einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem bera ábyrgð á, framkvæma, styðja við eða njóta ábata af, taka þátt í eða greiða fyrir aðgerðum eða stefnum sem rekja má til Lýðveldisins Belarús, sem grafa undan eða ógna lýðræði, réttarríkinu, stöðugleika eða öryggi í Sambandinu eða í einu eða nokkrum aðildarríkja þess, í alþjóðastofnun eða í þriðja landi, eða sem grafa undan eða ógna fullveldi eða sjálfstæði eins eða fleiri aðildarríkja þess eða þriðja lands, þ.m.t. þegar það veldur truflun á starfsemi mikilvægra innviða og gild ástæða er til að ætla að viðkomandi einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir hafi a.m.k. verið meðvitaðar um möguleg áhrif. Það pólitíska samhengi og ástæður sem liggja að baki þessum þvingunaraðgerðum eru settar fram í forsenduliðum þeirrar ákvörðunar.
- 5) Þessar breytingar þarf að endurspegla í reglugerð (EB) nr. 765/2006 svo unnt sé að hrinda banninu í framkvæmd með réttum og samræmdum hætti alls staðar í Sambandinu.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„6a Í I. viðauka skal einnig vera skrá yfir:

- a) einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem ráðið hefur tilgreint, í samræmi við ca-lið 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2012/642/SSUÖ, að beri ábyrgð á, framkvæmi, styðji við eða njóti ábata af, taki þátt í eða greiði fyrir aðgerðum eða stefnum sem rekja má til Lýðveldisins Belarús, sem grafa undan eða ógna lýðræði, réttarríkinu, stöðugleika eða öryggi í Sambandinu eða í einu eða nokkrum aðildarríkja þess, í alþjóðastofnun eða í þriðja landi, eða sem grafa undan eða ógna fullveldi eða sjálfstæði eins eða fleiri aðildarríkja þess eða þriðja lands með eftirfarandi aðgerðum:
 - i. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir notkun hagræðingar upplýsinga og íhlutunar,
 - ii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir aðgerðum sem beint er að starfi lýðræðisstofnana, atvinnustarfsemi eða þjónustu í þágu almannahagsmuna, þ.m.t. með óheimilli komu á yfirráðasvæði aðildarríkis, þ.m.t. loftrými þess, eða sem miðar að því að trufla, skaða eða eyðileggja, þ.m.t. með skemmdarverkum eða netaðgerðum af illum ásetningi sem hluta af fjölþáttaaðgerðum, mikilvæga innviði,
 - iii. með því að skipuleggja, stjórna, taka beinan eða óbeinan þátt í, styðja eða greiða á annan hátt fyrir eða gera mögulegar útbreiddar eða kerfisbundnar aðgerðir sem trufla starfsemi mikilvægra innviða,
- b) einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem ráðið hefur tilgreint, í samræmi við cb-lið 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2012/642/SSUÖ að styðji einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem taka þátt í athöfnum sem um getur í a-lið,
- c) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem ráðið hefur tilgreint, í samræmi við e-lið 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2012/642/SSUÖ, að séu lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir í eigu eða undir stjórn aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a- eða b-lið.“

- 2) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Í I. viðauka skal einnig tilgreina einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast þeim aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í 5. mgr., 6. mgr., 6. mgr. a (a-lið), 7. mgr. og 7. mgr. a.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

K. KALLAS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/2585, 16.12.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/2585/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2006/765/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1., ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2012/642/oj>).

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2026

Leiðrétt skjal: 16. september 2026